

Fundargerð 2. fundar stjórnar SSA 13.september 2022

Fundurinn var haldinn á Teams og hófst hann kl 13:00

Mættir stjórnarmenn Austurbrúar voru: Axel Örn Sveinbjörnsson, Berglind Harpa Svavarsdóttir, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Ragnar Sigurðsson og Þuríður Lillý Sigurðardóttir.

Mættir starfsmenn Austurbrúar: Jóna Árný Þórðardóttir framkvæmdastjóri og Valdís Vaka Kristjánsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Formaður Berglind Harpa setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundaáætlun, fundargátt

Jóna Árný kynnti fundaáætlun haustsins. Stefnt er að því að funda að jafnaði á mánudögum einu sinni í mánuði í takt við fundaáætlun Austurbrúar og SSA. Fundargögn fyrir fundina verða aðgengileg á fundargátt sem stjórnarmenn fá aðgang að. Farið var yfir verklagsreglur stjórnar og afgreiðslu fundargerða. Stjórn sammála um þá verklagsreglu að fundargerðir síðasta fundar verði afgreiddar í upphafi þess næsta á eftir og í framhaldinu undirritaðar rafrænt og þá birtar á vef.

2. Yfirferð yfir starfið framundan

Framkvæmdastjóri fór yfir helstu verkefni og fundi framundan.

3. Önnur mál

Engin önnur mál

Ekki fleiri mál á dagskrá. Fundi slitið kl 13:40